Glaðheimar - Vesturhluti Tillaga að breyttu deiliskipulagi



Glaðheimar - deiliskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 8. september 2009 msbr. 27. nóvember 2018 og birt í B- deild 14. des 2018.

Grunnmynd í mkv. 1:1000



Breytt deiliskipulag Glaðheima- vesturhluta. Reitur 1

Grunnmynd í mkv. 1:1000

Greinargerð

Stærð og afmörkun:
Gildandi deiliskipulag Glaðheima - austur og vestursvæði (reitur 1 og 2) sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 10. nóvember 2009 nær til um 12,6 ha lands. Umrædd breyting á deiliskipulagi Glaðheima nær aðeins til vesturhluta svæðisins (reitur 1) sem er um 8,6 ha að stærð og afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind til norðurs, Álalind 1, 2, 3 og 5 til austurs auk athafnasvæðis við Akra- og Askalind og fyrirhugaðum Arnarnesvegi til suðurs. Umrædd deiliskipulagsbreyting nær til húsagatna A, B og C sem munu fá nöfn síðar. Greinargerð þessi er dýrðartúr úr greinargerð sem er í skipulagsskilmálum dags. 20. apríl 2020 og breytt 19. oktober 2020 sem fylgja deiliskipulagsbreytingu þessari en í þeim er nánar fjallað um m.a. tillögur að deiliskipulagi, atvinnustarfsemi, aðkomu og umferð, áhrif byggðar á umhverfið og nánari útfærslu deiliskipulagsins.

Forsendur og markmið:
Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 staðfest þann 24. febrúar 2014 er umrætt skipulagssvæði ásamt þegar byggðu íbúðasvæði Glaðheima austur (svæði 2) skilgreint sem þróunarsvæði og miðsvæði með 500 íbúðum og heildar byggingarmagni um 175.000 m2. Á austurhluta Glaðheima hafa þegar risið 340 íbúðir.
Í greinargerð aðalskipulagsins var tekið fram að á skipulagstímabilinu yrði gerð heildarendurskoðun á skipulagi svæðisins milli Smáranum og Glaðheimum samkvæmt skilgreindum markmiðum um framtíð og þróun svæðiskjarnans með áherslu að byggðin verði blönduð íbúðum og verslunar- og þjónustustofnunum. Það er mat bæjaryfirvalda að kynnt tillaga sé samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 en á vesturhluta Glaðheimasvæðis var gert ráð fyrir 255 íbúðum. Tillagan sem hér um ræðir er breyting á gildandi deiliskipulagi Lindahverfis 1 samþykkt í bæjarstjórn 15. janúar 1994 m.s.br. samþykkt í bæjarstjórn 10. nóvember 2009 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 27. nóvember 2009.

Skipulagsleg rök fyrir breytingu:
Bæjaryfirvöld telja að áætlanir um uppbyggingu í vesturhluta gildandi deiliskipulags séu ekki nothæfar þar sem áherslur og stefnumörkun bæjaryfirvalda hefur breyst. Tími er kominn til að hrinda í framkvæmd áætlunum um uppbyggingu á miðsvæði eins og fram kemur í greinargerð í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024

Núverandi staða svæðisins og lýsing á landi:
Á skipulagssvæðinu voru staðsett hesthús Gusts sem fjarlægð hafa verið. Landið er í eigu Kópavogsbæjar. Landið hallar til norðurs að meðaltali um 8% frá Arnarnesvegi að Bæjarlind. Landhallinn hefur áhrif á staðsetningu húsa og lagu gatna. Frá fyrirhuguðu byggingarstæði er útsýni yfir byggð í Kópavogsdal, á Kársnesi, Digranesháls og yfir að Esju. Landið er óbyggt og gróðurvaxið að hluta.

Meginmarkmið:
Að tryggja að áframhaldandi uppbygging miðsvæðis Glaðheima verði fest í sessi í ídgofnmeigu skipulagi og að auka jafnvægi í dreifingu atvinnusvæða og íbúðasvæða og skapa aukin atvinnutækifæri.

Áhrif byggðar á umhverfið:
Þeir umhverfisþættir sem skipulagsbreytingin hefur áhrif á eru andrúmsloft, veðurfar, borgarlandslag, félagslegt umhverfi og eignir. Skipulagsbreytingin er í samræmi við stefnumörkun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um uppbyggingu svæðiskjarna í Smáranum og tekur gildandi aðalskipulag mið af því. Áætlað er að heildar byggingarmagn í fullbyggðu Glaðheimasvæði verði alls um 180.000 m2. Áætlað byggingarmagn í umræddri breytingartillögu án kjallara og bílageymsla verði um 75.000 m2 en 123.000 m2 með kjöllurum og bílageymslum. Umferðarskipun á Glaðheimasvæðinu ólíu er áætluð 18.000 bílar á sólarhring þar af um 3.500 frá austurhluta Glaðheimasvæðis. Bílaumferð eykst innan Glaðheimasvæðisins vegna tengingar við Reykjanesbraut en miðað við þær umferðarspár sem gerðar hafa verið er ekki ástæða til að aðlta að fyrirliggjandi áætlanir bæjaryfirvalda með uppbyggingu á svæðinu leiði til of mikillar umferðar á nærliggjandi gatnakerfi. Sjá nánari umfjöllun í skipulagsskilmálum og minnisblaði verkfræðistofunnar Mannvits dags. 20.04.20 og uppfærð 19. oktober 2020 og hljóðskýrslu dags. 04.05.20

Tillaga að breyttu deiliskipulagi. Fyrirhuguð byggð:
Í breytingunni felst að landnýtingu á austari hluta deiliskipulagssvæðisins, nánar til tekið við húsagötumar C og D er breytt og er fallið frá versluna- þjónustu og athafnarúsnæði á 5 til 8 hæðum og þess í stað komið fyrir 270 íbúðum í 5 fjölbýlishúsum á 5-12 hæðum. Auk þess er gert ráð fyrir að lega tengibrautar í framhaldi af núverandi Glaðheimavegi að Arnarnesvegi breytist sem og staðsetning hringtorga. Þrjár nýjar húsagötur verða lagðar og leikskóla komið fyrir á stóri lóð sem nýtist sérstakleega fyrirhugaðri og núverandi byggð Glaðheima austurhluta. Byggingarreitir, lóðir og lóðastærðir verða breytast sem og aðkoma og fjöldi bílastæða en ekki er um verulega breytingu á heildarfyrirbragði þess hluta Glaðheimasvæðis vesturhluta sem nær til versluna- þjónustu og athafnahúsnæðis. Skipulagssvæðið verður í góðum tengslum við nærliggjandi verslunar- þjónustu- og íbúðarbyggð Smárans þar sem gert er ráð fyrir göngubrú yfir Reykjanesbraut sem og göngu og hjólaleiðir undir Reykjanesbraut samhliða lagningu fyrirhugaðrar tengibrautar. Göngu- og hjólaleiðir upp frá svæðinu að nærliggjandi íbúðarbyggð Glaðheima sem og athafnasvæði Flífuhverms. Gert er ráð fyrir að svæðið samanstandi af fjölbreyttu byggðarformi þar sem útlínur bygginga eru brotnar upp og eru í hákum gaðaðfleki með fjölbreyttlega efnis- og litanotkun. Sjá nánar ákvæði í almennum skilmálum og sérákvæði. Þar sem búðaklóir Glaðheimaverfis eru ekki stórar miðað við fjölbýlishús í efri byggðum Kópavogs er gert ráð fyrir hverfisgarði með aðstöðu fyrir íbúa Glaðheima til að njóta útiveru og boltaleikja. Einnig eru í hverfinu torg og útsvæði fyrirtækja tengdri þjónustu s.s. veitingarhús og kaffihús sem gera útivist skjólsælanga. Gert er ráð fyrir smáspennistöð við Húsagötu B nr. 2 og svæði fyrir grenndargáma við gatnamót Arnarnesvegar og Glaðheimavegar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofna 12 lóðir fyrir versluna- þjónustu- og athafnahúsa, 6 lóðir fyrir fjölbýlishús og eina leikskólalóð. Heildarbyggingarmagn sem var - gildandi skipulagi 87.990 m2 án kjallara og bílageymsla minnkar og verður um 75.000 m2. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis án kjallara og bílageymsla er áætluð 47.740 m2. Heildarstærð íbúðarhúsnæðis án kjallara og bílageymsla er áætluð 25.800 m2. Heildarstærð leikskóla án kjallara er áætluð 1.200 m2. Heildarstærð með geymslum og þjónustuými í kjöllurum er 85.600. Stærð bílageymsla er 37.700 m2. Heildarstærð er áætluð 123.300 m2. Miðað við 2,7 íbúa á íbúð er áætlað að á svæðinu verði um 730 íbúar. Nýtingarhlutfall reitsins sem er hluttalið milli heildargólffláta á landnotkunarreit og flatarmáls svæðisins án kjallara (eins og útreikningar voru gerðir í gildandi aðal- og deiliskipulagi) er breytt eða um 1.25.

Sjá skipulagsskilmála um nánari lýsingu.

Umferð og gatnagerð:
Sé tekið mið af skipulagstillum er núverandi umferðarskipun úr svæðinu engin þar sem ekki er um byggð svæði að ræða. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá 2009 var gert ráð fyrir að umferðarskipun úr svæðinu yrði um 22.500 bílar á sólarhring. Samkvæmt kynntri tillögu má gera ráð fyrir að með uppbyggingu verslunar og þjónustu- og íbúðarbyggðar á Glaðheimasvæði vesturhluta verði umferðarskipun um 17.000 bílar á sólarhring og minnki frá áætlaðri umferð um 5.500 bíla á sólarhring. Með stefnu Kópavogsbæjar og markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins má gera ráð fyrir umræddi fjölgun umferðar hér að ofan verði umtalsvert lægri, en markmiðið er að bilferðum mun einungis fjölga um 14.500-16.000 bíla á sólarhring frá því sem nú er þrátt fyrir fyrirhugaða uppbyggingu. Gert er ráð fyrir að með breyttum ferðavenjum dragi úr áætlaðri umferð um 5-15 %. Einnig er það mat bæjaryfirvalda að þjónustustig umferðar á nærliggjandi götur verði ekki í samræmi við aukinn umferðarþunga vegna þess að gert er ráð fyrir bættu umferðarflæði m.a. með nýjri tengibraut undir Reykjanesbraut milli Glaðheimasvæðis og Smárans og nýjri tengibraut Glaðheimavegar sem tengir Arnarnesveg og Bæjarlind. Hólastígur sem liggur um hverfið frá undirgöngum við Arnarnesveg að hjóla- og göngustíg við Glaðheimaveg á móts við Álalind 3 og 9 er lagður af bæjaryfirvöldum. Stígurinn skal vera 5 m breiður. Sett er kvöð um að hámarkshraði á hjólastíg fari ekki yfir 20 km/klst. Reiknað er með 0,5 m breiðu gróðursvæði milli hjólastígs og göngustígs sem verður 2 m á breidd.

Göngustígar, hellulögð svæði, gróður, vistgötur og torg sem liggja innan lóða skulu gerðar í samræmi við sambærileg svæði sem bæjaryfirvöld leggja s.s almenningsrými á Ljósvangssvæði austurhluta og skiku fullnaðga krótum bæjaryfirvalda og vera í samræmi við viðmið í lið 2 í almennum skilmálum hér að ofan. Á þetta einnig við um lýsingu sem og þá hlutl sem tilheyra gótum svo sem skiltti, girðingar, gangstéttir og gróður. Krafa er gerð um hellulögð göngusvæði umhverfis allar byggingar. Hluti húsagötu C 2 og 4 er á samsegineigi lóð og skiptist kostnaður á milli lóðarhafa í hlutfalli við fjölda íbúða. Sama á við um athafnahúsnæði við húsagötu b 1, 3, 5 og 7 og skiptist kostnaður milli lóðarhafa í hlutfalli við fjölda fermetra í atvinnuhúsnæði. Yfirborðsvatn gatna skal leitt í lagnir sem tengjast lagnakerfi bæjarins. Gert er ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum á skipulagssvæðinu. Lagnatengingar eru skilgreindar á meiðlíðburm.

Bílastæði:
Reiknað er með einu stæði á hverja 35 m2 í versluna- og þjónustuhúsnæði, einu stæði á hverja 50-60 m2 í atvinnuhúsnæði, einu stæði á hverja 100 m2 í kjallara (geymslum) og 1,3 stæðum á hverja íbúð eða um 1.600 stæðum á skipulagssvæðinu, þar af um 950 stæðum í niðurgröfnum bílageymslum.

Nálægð byggð- skólar og þjónusta:
Með deiliskipulagsbreytingu þessari er verið að bæta við 270 íbúðum. Í endurskoðun Aðalskipulags 2020 - 2040 er gert ráð fyrir aukningu á fjölda íbúða á miðsvæði Kópavogs. Einnig verður gert ráð fyrir að grunnskóli Smárans og Flífuhverms verði stækkaðir. Nýir leikskólí getur tekið við þeim fjölda barna sem búast má við með þéttingu miðsvæðis.

Atvinnustarfsemi:
Gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi að ýmsum toga á skipulagssvæðinu s.s verslanir , verkstæði og minni athafna- og þjónustustarfsemi. Vegna nálægðar við íbúðarsvæði er ekki gert ráð fyrir atvinnustarfsemi sem veldur hávaða eða mengun af ýmsum toga.

Aðkoma og umferð og húsagötur:
Aðkoma að svæðinu er óbreytt en nýjar húsagötur verða lagðar á bæjarland sem og innan lóða. Loðarhafar sjá sjálfir um lagningu húsagatna og torga innan lóða. Aðaltengingar inn á svæðið verða frá Arnarnesvegi og Reykjanesbraut en einnig verða tengingar við Bæjarlind og Álalind. Um deiliskipulagssvæðið verður lögð tengibraut (Glaðheimavegur). Í kjöllar tilögu að breyttu deiliskipulagi Glaðheimasvæðisins verður unnið sérstakt deiliskipulag fyrir Reykjanesbraut frá Arnarnesvegi að Fífuhvammsvegi í samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Sjá lið 6 í almennum skilmálum.

Gönguleiðir:
Gönguleiðir liggja innan lóða með kvaðir þar um. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleiðum undir Reykjanesbraut þegar farið verður í gerð fyrirhugaðrar tengibrautar milli Glaðheima og Smárans. Einnig er ráðgert að koma fyrir brú yfir Reykjanesbraut með aðskilinni göngu- og hjólaleið.

Opin svæði:
Sunnan við leikskólalóðina er bæjargarður með útivist og boltavelli. Norðan húsagötu A er gert ráð fyrir hverfistorgi með kvöð um opið aðgengi þar sem íbúar Kópavogs geta notið útiveru.

Gróður:
Gerð er krafa um trjágróður á miðeyjum Glaðheimavegar sem og á völdum stöðum á opnum svæðum eins og fram kemur á skipulagsuppdrætti. Á þökum bílakjallara verður gert ráð fyrir gróðursetningu. Gróðursetningar og vöhkild trjágróðurs á bæjarland verður á vegum Kópavogsbæjar.

Forleifavernd:
Ef finnast fornleifar sem áður voru ókunnar þá skal finnandi skýra Forleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er.

Skipulagsskilmálar og nánari útfærsla deiliskipulagsins:
Meðlíðstöð sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingarreiti hús og enn fremur fjölda bílastæða á lóð og kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Sá fyrirvari er gerður að lóðastærðir og hæðarlega getur breyst við gerð hæðar og mæliblaða.

Frágangur, sérstaða svæðisins og byggingaráform:
Mæliblöð sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingarreiti hús og enn fremur fjölda bílastæða á lóð og kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Sá fyrirvari er gerður að lóðastærðir og hæðarlega getur breyst við gerð hæðar og mæliblaða.

Vöknuð um hönnun og frágang lóða:
Viðmið sem tilgreind eru í almennum skipulagsskilmálum er ætlað að leggja grunninn að hönnun, útfærslu og útlitli einstakra húsa og lóða á Glaðheimasvæðinu. Þeim tilmælum er beint til lóðarhafa eða til væntanlegra handhafa byggingarréttar á reit 1 í Glaðheimum vesturhluta að kynna sér ítarlega þessa skipulagsskilmála og þá sér í lagi þau viðmið sem tilgreind eru hér að neðan áður en sótt eru um byggingarrétt á svæðinu. Jafnframt er mikils um vert að væntanlegir handhafar byggingarréttar eða lóðarhafar á svæðinu kynni sér þau viðmið sem fram koma í **skýringarheft B** sem fylgir skipulagsskilmálum þessum, þar eru viðmið sem m.a. tengjast lýðheilsu, hagkvæmni og fagurfræði sem og dæmi eða fyrirmyndir um megintóm fyrirhugaðra húsa á svæðinu, útlit þeirra og efnsnotkun ásamt meginlínum í hönnun lóða.

Sérstaða svæðisins og byggingaráform:
Sérstaða þessa íbúðarsvæðisins felst m.a. í því hve miðlægt það er í Kópavogi og í góðum tengslum við vaxandi svæðiskjarna höfuðborgarsvæðisins, Smáranum. Því er mikilvægt að vel takist til í miðum byggðarinnar og þar verðtingar sem skipulagsvöldvöld bera til svæðisins um vandaða og góða byggð skili sér í hönnun, útlitli og útfærslu einstakra húsa og lóða innan þess.

Í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er sagt fyrir um gerð aðalteikninga. Skilmálateikning skal fylgja aðalteikningum, en skilmálateikning skal sýna hverning aðalteikningar húsa falla að skipulagsskilmálum einstakra lóða. Áður en aðalteikningar eru lagðar fyrir byggingarfulltrúa til afgreiðslu þurfa hönnuðir að leggja byggingaráform sín (frumdrög) fyrir skipulagsráð til afgreiðslu. Í þeim skal koma fram ofangreind skilmálateikning, hverrig hönnun og frágangur húsa og lóða fellur að ofangreindum viðmiðum í lið 2 hér að framan og hverrig þau falla að þem dæmum eða fyrirmyndum sem fram koma í skýringarheftí B.

Ferill málsins: Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 4. mai að auglýsa tillögu skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi Glaðheima vesturhluta í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.Tillagan var auglýst og birt í lögbirtingarblaði 24. júní 2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 19. ágúst 2020. Athugasemdir og ábendingar bárust. Ferill málsins er rakinn ýtarlega í umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 19. oktober 2020. Á fundi skipulagsráðs þann 19. oktober 2020 var lagt fram breytt erindi dags. 20. mars 2020, br. 19. oktober 2020 þar sem komið er að Hluta til mós við innsendar athugasemdir með því að draga úr byggingarmagni atvinnuhúsnæðis og lækka turn um 10 hæðir, úr 25 hæðum í 15 hæðir. Erindið var samþykkt með áorðnum breytingum og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarráðs 22. oktober 2020 var erindinu vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 27. oktober 2020 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Ferill máls er rakin ýtarlega í umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 19. oktober 2020

Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2012 til 2024

reitur	Gildandi lóðarnr.	Tegund hverfis	Stærð/m2 Ofanjarðar	Stærð/m2 Neðanjarðar	Stærð/m2 Samtals	Fjöld íbúða	Bílastæðakvöð Íbúð/atv.m² bút	Lóðarhafar	Hæð	Hæð (m+d/-h)	Bílastæði íbúðar	Bílastæði fl/atv
Gata A												
11	1	Atvinnuhúsnæði	16000	11.000	27.000	0	0 / bæði / 35m2	4452	3.60	6.07	20	280
12	2	Atvinnuhúsnæði	9900	4.000	10.000	0	0 / bæði / 35m2	4010	1.40	2.35	10	150
Gata B												
1	1	Atvinnuhúsnæði	3900	1.750	5.650	0	0 / bæði / 35m2	3205	1.22	1.75	17	60
2	2	Atvinnuhúsnæði	2900	800	3.700	0	0 / bæði / 35m2	2630	1.10	1.41	40	30
3	1	Atvinnuhúsnæði	1500	500	2.000	0	0 / bæði / 35m2	1450	1.07	1.43	27	17
4	2	Atvinnuhúsnæði	2900	800	3.700	0	0 / bæði / 35m2	2300	1.26	1.61	40	30
5	1	Atvinnuhúsnæði	3200	800	4.000	0	0 / bæði / 35m2	2700	1.26	1.61	40	30
6	2	Atvinnuhúsnæði	3200	800	4.000	0	0 / bæði / 35m2	3000	0.96	1.08	40	30
7	1	Atvinnuhúsnæði	1600	800	2.400	0	0 / bæði / 35m2	1250	1.28	1.52	20	20
8	2	Atvinnuhúsnæði	2600	1.000	3.600	0	0 / bæði / 35m2	1750	1.55	2.24	30	40
9	1	Atvinnuhúsnæði	6000	3.900	9.900	0	0 / bæði / 35m2	4540	1.32	2.18	130	20
10	2	Atvinnuhúsnæði	6000	4.700	10.700	0	0 / bæði / 35m2	2350	2.00	4.55	130	20
Gata C												
13	1	Leikskóli	1500	0	1.500	0	0	4000	0.38	0.38	20	0
14	2	Íbúðarhúsnæði	12000	3.800	16.000	108	1 / bæði / 35m2	3980	3.07	4.02	120	20
15	1	Íbúðarhúsnæði	3200	800	4.000	33	1 / bæði / 35m2	1935	1.74	2.18	20	23
16	2	Íbúðarhúsnæði	3200	800	4.000	33	1 / bæði / 35m2	2155	1.48	1.86	20	23
Gata D												
17	1	Íbúðarhúsnæði	6200	1.300	7.500	60	1 / bæði / 35m2	3415	1.82	2.20	44	34
18	2	Íbúðarhúsnæði	4700	800	5.300	36	1 / bæði / 35m2	2245	2.09	2.36	18	27
Samtal		Skipulagssvæðið	86000	123000	209000	291		51000			662	951
		Samtals fermetrar	**85.800**	**37.700**	**123.300**	**Reiknaðir íbúðir**	**1,43**	**Lóðarfjöldi**		1.68	2.41	

Skýringar

B 24/0,7

N m2 5 h+kj

Kennitölur

Byggingarreitur
Bílageymsla í kjallara (byggingarreitur)
Leiðbeinandi byggingarlína
Lóðarmörk
Mörk skipulagssvæðis
Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara
Hljóðveggur við vegi
Reiðleið
Göngustígur

Kvöð um trjágróður / opið svæði - óbyggt.
Flatarmál lóða / fjöldi hæða og kjallari
Manir
Brú eða undirgöng/ upphækkun og/eða þrenging

Deiliskipulagsuppdrætti þessum fylgja skipulagsskilmálar, minnisblað um áhrif byggðar á umhverfið, skýringarheftí B og umsögn skipulags og byggingardeildar.



Breytt deiliskipulag Glaðheima- Sneiðing A - A í mkv. 1:1000

Breytt deiliskipulag Glaðheima. Sneiðing C - C í mkv. 1:1000



Sneiðing B - B í mkv. 1:1000

Umhverfissvið - Skipulags- og byggingardeild Kópavogs.
Smári Smárason, arkitekt 20. apríl 2020, br. 19. oktober 2020

© Skipulagsráðgjafarstofan ehf. Ármúla 7, 108 Reykjavík, sími: 588 2000, skipulag@skipulag.is, www.skipulag.is, Kennitala: 530269-2169, VSK númer: 100000 Dagsetning: 20.04.2020